

**Nd.**

## **8. Frumvarp til laga**

[8. mál]

um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Emil Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

### **1. gr.**

1. málsgr. 4. gr. orðist svo:

Fjárhagsráð skal ákveða hámarksverð á hvers konar vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 1. gr. l. nr. 30 7. marz 1951, um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, o. fl.

### **Greinargerð.**

Í heimsstyrjöldinni fyrri mun fyrst hafa verið komið á verðlagseftirliti hér á landi, en það var afnumið, er henni lauk. Tæpum áratug síðar var þó aftur tekið að takmarka álagningu á ýmsar innfluttar vörur, enda hafði athugun leitt í ljós, að í skjóli innflutningshafta og vöruskorts hafði álagningu verið haldið óeðlilega hárrí. Í heimsstyrjöldinni síðari var verðlagseftirlitið aukið mjög verulega. Með lögum þeim um verðlag, sem sett voru í ársbyrjun 1943 fyrir forgöngu utanþingsstjórnarinnar, sem þá sat að völdum, var verðlagseftirlitið látið ná til allrar verzlunarvöru og hvers konar þjónustu. Hafa ríkisstjórnir þær, sem setið hafa síðan, talið sjálfsagt, að opinber ákvæði giltu um álagningu, að núverandi ríkisstjórn þó frátalinni. Hún tók upp algerlega nýja stefnu í þessum málum, skömmu eftir að hún settist að völdum. Er nú svo komið, að verðlagseftirlit hefur verið afnumið hvað snertir langmestan hluta innfluttrar vöru og innlendrar iðnaðarframleiðslu og þjónustu. Af hálfu ríkisstjórnarinnar var því haldið fram, að afnám innflutnings-takmarkana mundi tryggja svo mikla samkeppni í verzlun og framleiðslu, að opinbert verðlagseftirlit yrði óþarft. Af hálfu Alþýðuflokksins voru fyrirætlanirnar um afnám verðlagseftirlits gagnrýndar harðlega og því spáð, að álagning mundi stórhækka. Ástand efnahagsmálanna og aðstæður í íslenskri verzlun og framleiðslu væru ekki þannig, að hægt væri að vænta harðrar samkeppni.

Nú hefur fengizt mikilvæg reynsla um þessa stefnu ríkisstjórnarinnar. Verðgæzlustjóri hefur látið fara fram athugun á álagningu á ýmsar vörur, sem undanþegnar hafa verið opinberu verðlagseftirliti. Niðurstaðan er sú, að álagning hefur yfirleitt hækkað gífurlega, og er ósjaldan um beint okur að ræða. Skulu nefnd um það nokkur dæmi.

Álagning á sendingu af ávaxtasultu, sem kostar 316 000 kr., er hækkuð úr 252 000 kr., miðað við fyrri verðlagsákvæði, í 433 000 kr. Álagning á niðursoðna ávexti, sem kosta 75 400 kr., er hækkuð úr 56 800 kr. í 117 300 kr. Álagning á þvottavélar, sem kosta 42 900 kr., er hækkuð úr 12 000 kr. í 31 100 kr. Álagning á rakvéla-blöð, sem kosta 115 000 kr., er hækkuð úr 80 800 kr. í 197 500 kr. Dæmi eru um sexföldun álagningar á sokka, fjórföldun álagningar á barnahosur og bómullarefni, þreföldun álagningar á handklæðadregil o. s. frv. Álagning hefur stundum orðið

svo há, að furðulegt verður að teljast. Á niðursoðna ávexti hafa verið lögð 117% í heildsölu, á döðlur 90%, á silkiblúndu 153%, á gluggatjaldaefni 60%. Þess eru jafnvel dæmi, að álagning hafi verið tífölduð frá því, sem leyft var meðan verðlagsákvæði voru í gildi. Þótt hækkun heildsöluálagningar hafi yfirleitt orðið miklu meiri en hækkun smásöluálagningar, hefur sú álagning einnig hækkað verulega. Smásöluálagning á ýmsa matvöru hefur t. d. verið hækkuð úr 16—17% í 25%. Álagning á ýmsar leir- og glervörur og búsaðhöld hefur hækkað úr 32% í 70—100%.

Niðurstaða verðgæzlustjóra hvað snertir 45 vörusendingar, sem fluttar hafa verið inn fyrir bátagjaldeyri, er sú, að kaupverð þeirra hafi numið tæpum 2 millj. kr., og hafi söluverð þeirra til neytenda átt að vera 5,7 millj. kr., ef fyrri verðlagsákvæðum hefði verið fylgt. Söluverðið varð hins vegar rúmar 7 millj. kr., svo að hækkun álagningarinnar í skjóli hinnar „frjálsu verzlunar“ ríkisstjórnarinnar hefur numið hvorki meira né minna en 1,3 millj. kr., eða 65% kaupverðsins.

Athuganir verðgæzlustjóra hafa því staðfest algerlega þá spá Alþýðuflokksins, að því færi víðs fjarri, að frjáls samkeppni mundi halda álagningu innan hæfilegra takmarka. Hér hefur auðsjáanlega alls ekki verið um heilbrigða samkeppni að ræða. Reynslan hefur sýnt, að afnám verðlagseftirlits hefur haft í för með sér beint okur á ýmsum sviðum. Almennitur stynur nú undan sívaxandi dýrtíð. Jafnframt kemur í ljós, að gifurleg hækkun álagningar á verulegan þátt í henni. Samtímis því, sem kostur almennings þrengist, stórauka milliliðir tekjur sínar. Jafnframt því, sem fjölmennustu stéttir þjóðfélagsins verða að heyja langa og stranga baráttu til þess að verjast versnandi kjörum eða lúta lagaboðum um þau, hefur öðrum stéttum verið selt sjálfðæmi um tekjuöflun sína með þeim afleiðingum, að þær hafa blygðunarlaust skarað eld að sinni köku.

Hér verður að gerbreyta um stefnu. Milliliðir verða að lúta opinberri ákvörðun um álagningu sína, og þeirri álagningu verður að halda innan skynsamlegra takmarka og miða hana við nauðsynlegan verzlunarkostnað og hóflegan ágóða. Taka verður tafarlaust upp verðlagseftirlit með öllum vörum og allri þjónustu, sem máli skiptir um verðlag í landinu.

Á síðustu dögum síðasta þings var felld úr gildandi verðlagslögum ákvæði það, er skyldar fjárhagsráð til að setja verðlagsákvæði, en ráðinu í þess stað heimilað að setja slík ákvæði. Á grundvelli þessarar lagabreytingar hefur verðlagseftirlitið síðan verið afnumið að mestu leyti. Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að fyrri ákvæði um skyldu fjárhagsráðs til setningar verðlagsákvæða verði aftur tekin í lögin.